

Westlund hlán fjölkunnugi.

Maður heitir O. Westlund. Hann er sænskur að ætt. Hann kom hingað til Ísafoldarprentsmiðju árið 1920. Hann var þar í tvö ár sem yfirprentari.

Nú hafa Reykvikingar flestir gleymt því, að Westlund er prentari, því hann er svo margt annað. Hann er mesti galdramaður — segja þeir sem þekkja hann og við einhverjar vjolar fást. Hann er löngu hættur allri prentið — og hefir svonefnt ritvjelaverkstæði í Þingholtsstræti.

En „ritvjelaverkstæði“ í Þingholtsstræti er alt öðruvísi en menn grunar. Þegar maður kemur inn úr dyrunum hringja klukkur um alt húsið, hátt og lágt. Það minnir mann á einhverja leynikrá í skuggahverfum stórborga, þar sem ljósfælnir náungar hafa holað sjer niður og vilja ekki láta menn koma sjer að övörum.

Það er líka nokkuð til í þessu. Westlund er einn af þeim mönnum, sem kærir sig ekki um að Pjetur og Páll troði sjer um tær, hann vill vera einn og út af fyrir sig með allar vjolar sínar, áhöld, uppátæki og instrúment. Í verkstæðinu niðri í kjallara hefir hann neglt krossspón fyrir gluggana.

En nú er best að byrja á byrjuninni. Westlund vann sem sagt í Ísafold í tvö ár. Hann lærði íslensku á einu ári eins vel og útlendingar læra íslensku. Prentvjelum hafði hann vanist í nokkur ár, og kunnir þær utanbókar.

Svo var það einn góðan veðurdag, að maður var á bifhjólum inn við Elliðaár. Hjólið datt í árnar. Það skemdist. Eigandinn fjekk ekki gert við það og seldi það fyrir hálfvirði — en Westlund keypti.

Bifhjól eru merkilegir gripir. — Það fanst Westlund. — Hann plökkaði hjólið alt í sundur ögn fyrir ögn, og einkum þó hreyfilinn. Af því lærði hann



O. Westlund.

margt. Margar tilraunir gerði hann. En að því kom að bifhjól-ið var sem nýtt og Westlund settist á bak, margfróðari um hreyfla og hjól, en er hann byrjaði.

Ári seinna fór hann í skemti-ferð um Noreg og Svíþjóð á hjólinu. Hann seldi það í Málmei nokkrum hundruð krónum dýrara en hann hafði keypt það. Nú var hann orðinn sjálfærður vjelfræðingur.

Brátt hvarf hann aftur til Íslands. Íslenskunni týndi hann niður í ferðinni, svo að hann hefir aldrei talað hana síðan eins vel eins og áður en hann fór — ekki gefið sjer tíma til að læra hana aftur. Hann hefir haft svo mikið að gera.

Hann vann í Hjeðni um tíma. En síðan upp á eigin spýtur. Því hann komst að raun um — eins og margir aðrir, að hann er mesti galdrakarl í höndunum.

„Á tveim árum hjer á Íslandi lærði jeg eins mikið og meira en öll hin árin á undan“ — sagði Westlund eitt sinn, því hjer var hann á sínum rjetta stað. Hjer vantaði menn til þess að setja saman og gera við alskonar vjolar. Fullkomnari, margbrotnari og dýrari vjolar koma á markaðinn á öllum sviðum.

Hjer er ekki að búast við sjerfræðingi í hverri grein. Til þess eru greinarnar of margar og vjolar of fáar. En menn hafa komist á það lagið, þegar önnur sund lokast, að fara til Westlunds. Hann gerir við alt sem að vjelum lýtur.

Hann er fæddur og upp alinn í anda vjelameningarinnar. Margbrotnar vjolar eru líf hans og yndi. Hann les sig í gegnum þær, eins og nýjungasoltin kona les eldhúsreyfara. Hver ný vjel er í augum Westlunds eins og nýr vinur sem bætist í kunningjahópinn. Hann elskar vjolar — og skilur þær. Og eftir því sem vjolar eru margbrotnari og vandasamari, eftir því er Westlund natnari við þær, og skilur þær betur alt þeirra eðli og allan þeirra gang.

Þegar óvjelfróður maður kemur inn á verkstæði Westlunds í Þingholtsstræti, fellur hann í stafi. Þar er alt komið á fleygi ferð áður en varir. — Þar eru alls konar vjolar eftir Westlunds-patenti, sem gera alskonar verk á augnabliki, hreifill úr gömlu bifhjólum, sem látinn er reka alskonar iðju, gaslampi sem bræðir alskonar málm, búinn til úr gömlum ljósmyndavjolarfati, þar eru mælingaáhöld hárnákvæm, rennibekkir svo margbrotnir að Westlund gæti sett saman tvær prentvjar áður en vjelafión fengi á þeim nokkurn skilning. Og svo er þar smásjá sem húsbóndinn skemtir sjer við á sunnudögum, þegar aðrir fara í bíó, og stúderar þar t. d. fluguvangi og færilúsalappir, hvernig skaparann hefir tekist að leysa þar sín margbrotnu vjelfræðilegu viðfangsefni.

Westlund lærir á öllu því sem hann sjer, hvort sem heldur er í gegnum smásjá eða með berum augum.

Og síðan vjelum fjölgaði í þessum bæ hefir Westlund orðið að takmarka starfssvið sitt. Hann vill nú helst aðeins fást við þær einar vjolar, sem nefna mætti leturvjolar; prentvjar, ritvjar, reiknivjar og „kassavjar“, vigitir sem skrá þyngd

c. s. frv. En þegar hann fær eitthvað á milli handa sem er ennþá flóknara, þá getur hann ekki stilt sig um annað en setjast í sitt harðlæsta verkstæði, og bæta við þekkingu sína, með því að finna út einhverja bilun sem fyrir kann að koma eða hefir komið — leysa úr vandræðum þessa nýja kunningja síns.

En þegar Westlund gerir við einhverja vjel, hvort sem hún er stór eða smá, viðgerðin mikil eða lítil, þá er viðkvæðið þetta: Það sem jeg geri, geri jeg svo það dugar. Ef út af ber, komdu aftur kunningi, það kostar ekkert þá.

Westlund eignaðist nýjan kunningja hjer á dögnum — prentvjelina, sem myndin er af hjer. Vjel þessi kom til Ísafoldarprentsmiðju — og átti vjelfræðingur að fylgja henni hingað frá verksmiðjunni. En Westlund bauðst til þess að koma vjelinni upp og af stað — þótt þetta sje hið mesta ferliki, og tekur sjálf pappírinn sem hún prentar á, og skilar á 3. þús. örkum prentuðum á klukkustund. Vjel þessi er af allra nýjstu tegund, og hin vandaðasta. Prentvjar taka miklum breytingum með hverju ári og er þetta því vandaðasta og fullkomnasta prentvjin hjer á landi. Hún er nú að ganga undir inntökupróf hjá Westlund þessa daga. Femur þeim prýðilega saman Westlund og vjelinni, og er sýnt, að bæði bera þau hvort öðru góða sögu í framtíðinni.

Þingtíðindi.

Dýrtíðaruppbotin.

Tillaga landsstjórnarinnar um það, að halda dýrtíðaruppbotinni óbreyttri næsta ár, var samþykkt við fyrri umræðu í Efri deild í gær.

Fjárhagsnefnd hafði klofnað í málinu, Jón Þorláksson og Jón Baldvinsson voru meðmæltir tillögu landsstjórnarinnar, en Ingvar Pálmason á móti.

Jón Baldvinsson var framsögumaður meiri hlutans. Kíttu þeir um stund Jón og Ingvar. Ingvar vildi þó viðurkenna að laun margra starfsmanna væru of lág, og mættu því varla lækka. Halldór Steinsson benti honum á hvaða ósamræmi væri milli orða hans og gerða, að viðurkenna að margir starfsmenn hefðu of lág laun, en vilja þó lækka þau, án þess að koma með nokkuð í staðinn.

Jón í Stóradal talaði þá. Kvaðst hann vilja lækka laun opinberra starfsmanna eins og annara, því kaup þyrfti alls staðar að lækka. Beindi Jón í Stóradal þeirri fyrirspurn til Jóns Þorlákssonar hvort hann liti ekki svo á, að kaup í landinu þyrfti að lækka.

Jón Þorláksson sagði að hann væri fylgjandi þessari tillögu landsstjórnarinnar, vegna þess, að kaup hefði yfirleitt hækkað hjer á síðari árum, og því væri sanna-gjarnt að dýrtíðaruppbot hjeldist hin sama og áður.

Óskaði hann eftir því, að Jón í Stóradal sneri sjer til atvinnu-málaráðherrans Tryggva Þórhalls-sonar með fyrirspurnina um hið

Kartöflur

nýkomnar, mjög góðar,
8 50 sekkrinu.

Mjólkurfjélag Reykjavíkur

Statesman

er stóra orðið

kr. 1.25

á borðið.



Takið það
nógu
snemma.

Biðið ekki með að
taka Fersól, þangað sál
þér eruð orðin lúða

Kyrrætur og innverur hafa skadsmög lífið á líffærin og sveikja líkamskraftana. Það ber að bera á taugaveiklu, maga og sjónsjúkdómum. Sjúki í vöðvum og líðamatum, svefnleysi og þreygu og of fjótum ellisjótökum.
Byrjið því strax í dag að nota Fersól, það hefir heldur þann lífskraft sem líkaminn þarf. Fersól B. er heppilegra fyrir þá sem hafa mælingarörðugleika.
Varist eftirlitningar.
Fest hjá héraðslækninum, lyfðum og

Laugavegs Apóteki




Mest úrval af

smekklestum og
vönduðum vörum.

almenna kaupgjald. Tryggvi hefði verið frumkvöðull að kauphækkuninni 1929, hefði tekið það einfalda ráð, að láta kauphækkunina lenda á ríkissjóði. Ef ráðherrann teldi kauphækkun nauðsynlega, þá væri ætlandi að hann fyndi jafn einföld og handhæg ráð til að lækka kaupið, eins og hann fann til kauphækkunar.

Jón Þorláksson tók það og fram að á síðustu þingum hefði stjórnarliðið hrugað upp nýjum embættum og ákveðið þá launin miklum mun hærri, en samsvaraði ákveðnum launalaganna. Teldi hann af þessum ástæðum einkennilegt af þeim sama þingmeirihluta að vilja lækka dýrtíðaruppbotina.

Tillagan var samþykkt með 9 atkv. gegn 5.



Nýjasta prentvjel Ísafoldarprentsmiðju, »Vorwärts no. 6«, frá Maschinenfabrik Johannesberg i Gelsenheim.